



Sjúkdómaskimun í svínum 2021

Matvælastofnun skimar fyrir PRRS-veiki (Porcine Respiratory and Reproductive Syndrome) í svínum á Íslandi í ár, líkt og undanfarin ár. Sýni verða tekin frá 8 bæjum við slátrun að vori og hausti. Niðurstöður verða sendar til eigenda dýra, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð.

PRRS er einn af þeim sjúkdómum sem mikilvægt er að koma í veg fyrir að berist til landsins og bregðast þarf skjótt við ef það gerist, því hann getur haft alvarlegar afleiðingar. Ástæða þess að sýni eru tekin árlega er að einkenni geta verið óljós og því uppgötvast seint. Sjúkdómurinn getur því breiðst út án þess að vart verði við hann til að byrja með. Skimunin er liður í því að reyna að uppgötva sjúkdóminn snemma í ferlinu og kemur til viðbótar almennri árvegni og eftirliti svínabænda.

PRRS er veirusjúkdómur með fyrst og fremst tvö birtingarform: Frjósemisörðugleikar hjá gyltum/göltum og öndunarerfiðleikar hjá grísum.

- Helstu einkenni hjá gyltum eru minnkuð matarlyst, hiti, slappleiki og einkenni frá öndunarfærum. Einkenni tengd frjósemisörðugleikum geta verið færri grísir í goti,

fósturlát seint á meðgöngu, fæddir grísir geta verið veikburða og átt erfitt með öndun og dánartíðni spenagrísa eykst.

- Helstu einkenni hjá grísum geta verið slappleiki, hiti, einkenni frá lungum, hnerri og öndunarerfiðleikar.

PRRS-veiki hefur aldrei greinst á Íslandi og er mikilvægt að vera laus við þennan sjúkdóm þar sem hann veldur töluverðum vandræðum hjá svínum og svínabændum víða um heim. Til þess að halda honum og öðrum smitsjúkdómum fjarri er mikilvægt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum eins og góðum smitvörnum hjá öllum þeim sem halda svín og vinna með svín. Einnig er mikilvægt að dýraeigendur, almenningur og dýralæknar séu vel á verði til þess að geta fljótt stöðvað útbreiðslu smitsjúkdóma ef þeir koma upp. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir eða áður óþekktan sjúkdóm að tilkynna það til dýralæknis eða lögreglu.

Thelma Dögg Róbertsdóttir,
sérgreinadýralæknir svína
hjá Matvælastofnun